



Íþróttamál

Samþykkt fyrir æskulýðs- og íþróttanefnd

1. grein

Æskulýðs- og íþróttanefnd fer í umboði sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps með stjórn æskulýðs- og íþróttamála, að svo miklu leyti sem sveitarstjórn lætur þau sig varða og eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

2. grein

Æskulýðs- og íþróttanefnd er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara, kosnum af sveitarstjórn. Nefndin skiptir með sér verkum. Kjörtímabil hennar er sama og sveitarstjórnar.

3. grein

Hlutverk æskulýðs- og íþróttanefndar er:

- a. Að efla æskulýðs- og íþróttastarf á Vopnafirði og hafa um það samstarf við félög og aðila sem starfa á því sviði, m. a. með gerð sérstakra samstarfssamninga.
- b. Að hafa umsjón með rekstri íþróttamannvirkja og félagsmiðstöðvar sveitarfélagsins í samráði við fulltrúa þess.
- c. Að fylgjast með starfsemi þeirra félaga er starfa að æskulýðs- og íþróttamálum og njóta styrks úr sveitarsjóði.
- d. Að gera tillögur til sveitarstjórnar um staðarval og gerð nýrra mannvirkja sem ætluð eru til æskulýðs- og íþróttastarfs, svo og um meiriháttar endurbætur á eldri mannvirkjum, að höfðu samráði við fulltrúa sveitarfélagsins.
- e. Að hafa handbærar sem gleggstar upplýsingar um æskulýðs- og íþróttamál á Vopnafirði, veita upplýsingar um þá þjónustu sem í boði er og semja árlega greinargerð um starfsemi nefndarinnar.
- f. Að leitast við að ná til vopnfirskrar æsku og stuðla að því að hún gefi sig að heilbrigðum viðfangsefnum í tómstundum sínum. Einnig að styðja allt það sem eflir siðferðilegan þroska æskufólks.
- g. Að vinna að þjálfun og fræðslu fyrir æskulýðs- og íþróttaleiðtoga.
- h. Að vinna að forvarnarmálum innan sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem þau varða æskulýðsmál.



4. grein

Æskulýðs- og íþróttafulltrúi/starfsmaður sveitarfélagsins situr fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti. Hann undirbýr fundi nefndarinnar í samstarfi við formann og framkvæmir ákvarðanir hennar. Nefndin skal halda gerðabók og skulu fundargerðir hennar hljóta staðfestingu sveitarstjórnar.

5. grein

Æskulýðs- og íþróttanefnd mótar stefnu sveitarfélagsins í æskulýðs- og íþróttamálum þess.

6. grein

Með íþróttamannvirkjum sínum vill Vopnafjarðarhreppur gefa íbúum sínum kost á iðkun fjölbreyttra íþróttarástílna til ánægju og heilsubótar. Skólar eiga forgangsrétt að íþróttahúsi og sundlaug á skólatíma.

Staðfest í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps 2010.